

**Nd.** **532. Frumvarp til laga** [186. mál]  
um eyðingu refa og villiminka.

Frá landbúnaðarnefnd.

**I. KAFLI**  
**Yfirumsjón.**

**1. gr.**

Landbúnaðarráðuneytið skal hafa yfirumsjón með útrýmingu refa og villiminka.

**2. gr.**

Sýslunefndir skulu sjá um, að hreppsnefndir annist eyðingu refa og villiminka.  
Heimilt er sýslunefnd að ráða í samráði við hreppsnefndir einn mann (refaeyð-  
ingarstjóra) til að stjórna refa- og minkaveiðum í allri sýslunni eða nokkrum hluta  
hennar.

## II. KAFLI Eyðing refa.

### 3. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort sem lönd þessi liggja utan eða innan sýslufélagsins. Þar, sem tveir eða fleiri hreppar eiga afréttarlönd saman, annast þeir grenjaleitir í sameiningu. Ef unnt er, skal skotmaður eða skotmenn annast grenjaleit, þar sem því verður við komið.

### 4. gr.

Hreppsnefnd, stjórn upprekstrarfélags (eða refaeyðingarstjóri, þar sem hann er, sbr. 2. gr.) skal ráða skotmann, einn eða fleiri, til að vinna greni í þeim löndum, sem þeim ber að annast um í þessu efni. Skulu skotmenn reiðubúnir til grenjavinnslu hvenær sem greni finnst. Vökumaður, sem skotmaður tekur gildan, skal ráðinn af sama aðila.

### 5. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 4. gr., að vinna greni eða taka yrðlinga, nema svo hafi staðið á, að ekki hafi náðst til skotmanns í tæka tíð.

### 6. gr.

Þegar greni finnst, hvort heldur í grenjaleit eða ekki, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann hraða sem mest för sinni. Skotmanni skal síðan gert aðvart tafarlaust.

### 7. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst við hreppsnefnd eða þann aðila, sem sér um grenjavinnslu. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr, en taka skal tillit til þess, þegar ráðningarkjör skotmanns eru ákveðin. Einnig skal taka tillit til þess við launaákvörðun, ef yrðlingar eru verðmætir.

### 8. gr.

Nú vinnast hlaupadýr, og á þá sá, er vinnur, 100 kr. sem verðlaun fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir oddvita að hafa unnið.

### 9. gr.

Hreppsnefnd heldur skrá yfir öll þekkt greni og gerir stutta lýsingu á þeim. Hún skal láta byggja vörður og skotbyrgi við greni, þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur látið laga skemmd greni, sem auðunnin eru, en ónýta önnur, sem torunnin eru.

### 10. gr.

Skýlt er að eittra fyrir refi á afréttum og víðlendum heimalöndum, þar sem refa er von, minnst þriðja hvert ár. Oddvitar skulu sjá um eitrunina, hver á sínu svæði, og þar sem fleiri hreppar eiga afréttarlönd saman, skulu hlutaðeigandi oddvitar hafa samráð um eitrunina. Oddviti skal framkvæma eitrunina sjálfur eða fá til þess mann, sem hann treystir. Héraðslæknir skal láta refaeitur af hendi við oddvita í samráði við sýslumann.

## III. KAFLI Eyðing villiminka.

### 11. gr.

Hreppsnefndir (bæjarstjórnir) eða sá maður, sem falin hefur verið útrýming refa og villiminka, sbr. 2. gr., skulu, hver í sínu umdæmi, sjá um útrýmingu villiminka. Skal árlega gera skýrslur um útbreiðslu villiminka og helztu dvalarstaði.

Skýrslurnar skal senda loðdýraræktarráðunaut ríkisins. Strax og villiminka hefur orðið vart í afréttar- eða heimalöndum, skal ráða einn eða fleiri menn til að útrýma þeim. Loðdýraræktarráðunautur skal gefa leiðbeiningar um, hvernig útrýmingarstarfinu skuli hagað.

12. gr.

Greiða skal 60 kr. í verðlaun fyrir hvern villimink, sem unninn er, enda liggja fyrir sönnur um unnin dýr, sem oddviti tekur gilda.

#### IV. KAFLI

##### Bann gegn minka- og refaeldi.

13. gr.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir geta bannað minkaeldi í umdæmum sínum og sömuleiðis eldi refa. Verði slíkt bann framkvæmt þar, sem nú eru loðdýrabú, skal sýslusjóður eða bæjarsjóður greiða eigendum skaðabætur samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna.

#### V. KAFLI

##### Skipting kostnaðar.

14. gr.

Hreppsnefndir eða þeir, sem falið hefur verið að sjá um refa- og minkaveiðar, skulu fyrir 1. desember ár hvert hafa tilbúna reikninga yfir kostnað við starfsemi þessa, er séu í samræmi við þá samninga, er gerðir hafa verið við þá aðila, sem störfin hafa leyst af hendi.

Allan kostnað, sem leiðir af refa- og minkaveiðum, þar með talin grenjaleit og verðlaun fyrir unna refi og villiminka, skal greiða úr hlutaðeigandi hreppssjóði eða fjallskilasjóði, eða sameiginlega úr fleiri hreppssjóðum eða fjallskilasjóðum, ef þannig stendur á, sbr. 3. gr.

Alla slíka reikninga skal leggja fyrir næsta sýslufund til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslunefnd, að reikningarnir séu réttir og ekki úr hófi háir. Skal þá endurgreiða hreppsfélögum þannig, að ríkissjóður greiði  $\frac{1}{3}$  kostnaðar og sýslusjóður  $\frac{1}{3}$ .

#### VI. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

15. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum loðdýraræktarráðunautar, um útrýmingu villiminka.

Einnig skal ráðherra selja reglugerð um framkvæmd eitrunar fyrir refi og minka og um meðferð refaeiturs, sbr. 10. gr.

Enn fremur getur ráðherra sett reglugerð um önnur atriði varðandi refaeyðingar, eftir tillögum sýslunefnda.

16. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, 200—5000 kr., nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 108 11. ágúst 1933, svo og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Frumvarp þetta um eyðingu refa og minka flytur landbúnaðarnefnd og hefur haft um það samráð við landbúnaðarráðherra. Þykir rétt að færa í eina heild laga-ákvæðin til varnar þeirri plágu, sem villtir minkar og refir hafa reynzt. Er tilgangurinn sá, að tryggja landsnytjar og búpening betur en verið hefur gegn þessari plágu. — Skilyrðislaust bann gegn minkaeldi getur nefndin eigi fallizt á, en leggur til að leggja það mál í vald sýslunefnda og bæjarstjórna.